

FLUGMÁLASTJÓRN  
LOFTFERÐAEFTIRLIT

AIG 09/79

S K Ý R S L A  
U M  
F L U G S L Y S

Cessna F150L  
á Bakkafjarðarflugvelli  
13. ágúst 1979.

EFNISYFIRLIT

	bls.
YFIRLIT .....	3
1. RANNSÓKNIN .....	3
1.1. Um flugið .....	3
1.2. Slys á mönnum .....	4
1.3. Skemmdir á loftfarinu .....	4
1.4. Aðrar skemmdir .....	4
1.5. Upplýsingar um flugmanninn .....	4
1.6. Upplýsingar um loftfarið .....	4
1.7. Upplýsingar um veður .....	5
1.8. Leiðsögutæki .....	5
1.9. Fjarskipti .....	5
1.10. Flugvöllurinn og búnaður hans .....	5
1.11. Flugriti .....	5
1.12. Flakið .....	5
1.13. Læknisfræðileg rannsókn .....	5
1.14. Eldur .....	5
1.15. Atriði er varða björgun .....	5
1.16. Rannsóknir og prófanir .....	5
1.17. Aðrar upplýsingar .....	6
1.18. Nýjar rannsóknaraðferðir .....	6
2. ÁLYKTANIR .....	6
3. NIÐURSTÖÐUR .....	6
3.1. Það sem kom í ljós .....	6
3.2. Orsök eða líkleg orsök .....	7
4. TILLÖGUR Í ÖRYGGISÁTT .....	7
5. VIÐBÆTIR: (5.1.) Uppdráttur af vettvangi .....	7
(5.2.) Ljósmyndir frá slysstað .....	7

FLUGMÁLASTJÓRN  
LOFTFERÐAEFTIRLIT  
SKÝRSLA UM FLUGSLYS

LOFTFAR: TF-OII ; Cessna-F150 ;  
Hreyfill: Einn 100 ha Continental/  
Rolls Royce 0-200A.

SKRÁÐUR EIGANDI:

[REDACTED]

FLUGSTJÓRI:

[REDACTED]

- ómeiddur

FARÐEGI: Enginn

SLYSSTAÐUR: Bakkafjarðarflugvöllur

DAGUR OG STUND: Mánudaginn 13. ágúst 1979  
kl. 15<sup>30</sup>

YFIRLIT

Hinn 13. ágúst 1979 hóf flugneminn [REDACTED] flug frá Egilsstaðaflugvelli til Bakkafjarðar, á flugvélinni TF-OII. Eftir um 40 mínútna flug kom hann að flugvellinginum. Í landingu þar fór flugvélin útaf flugbrautinni og hafnaði á hvolfi utan hennar. Allmiklar skemmdir urðu á flugvélinni, en flugmaðurinn slapp ómeiddur.

1. RANNSÓKNIN

1.1. Um flugið:

Mánudaginn 13. ágúst 1979, ákvað [REDACTED] að fara til Bakkafjarðar í sambandi við starf sitt.

Þar sem hann hafði flugnemaskírteini og var að nema flug hjá flugmönnum Flugfélags Austurlands hf., fór hann þess á leit við kennara sinn, [REDACTED] flugmann, að hann fengi að fara einliðaður til Bakkafjarðar á flugvélinni TF-OII, sem var kennsluvél sú sem til umræða var.

Kennarinn samþykkti þetta, með áritun í skírteini [REDACTED]. Flugtak á Egilsstöðum var kl. 14<sup>50</sup> og áætlaði [REDACTED] flugið til Bakkafjarðar um 40 mínútur.

Hringdu þeir félagar til Vopnafjarðar og Bakkafjarðar og könnuðu veðurskilyrði. Á Bakkafirði var þá gott veður, vindur um 10 hnútar 60 gráður, en flugbrautin hefur stefnuna 50°/230°. Um kl. 15<sup>30</sup> kom flugmaðurinn að flugvellinginum á Bakkafirði og eftir að hafa flogið hring um hann og gengið úr skugga um

vindstefnu, setti hann full vængbörð á og lenti til suð-vesturs. Flugvélin rann síðan eftir lendingu skáhallt út af brautinni hægra megin og valt fram yfir sig á bakið. Flugmaðurinn taldi skyndilegan sviftivind hafa svift sér útaf brautinni, en ummerki báru það með sér, að vélin hefur lent á nefhjólinu, aðeins á talsvert miklum hraða og haldið beinni stefnu skáhallt útaf brautinni, án þess að flugmaðurinn næði að gera fyrirbyggjandi ráðstafanir.

1.2. Slys á mönnum:

<u>Slys</u>	-	<u>Áhöfn</u>	-	<u>Farþegar</u>	-	<u>Aðrir</u>
Dauði:	-	-	-	-	-	-
Meiðsl:	-	-	-	-	-	-
Ómeiddir:	1	-	-	-	-	-

1.3. Skemmdir á loftfarinu:

Flugvélin var talsvert mikið skemmd. Nefhjólsleggur brotinn undan, hreyfilgrind þar með skekkt og brotin. Loftskrúfa bogin og hreyfilhlífar brotnar. Báðir vængir skekktir og brotnir. Stélkambur brotinn.

1.4. Aðrar skemmdir:

Engar.

1.5. Upplýsingar um áhöfnina:

Flugstjórinn [REDACTED] hlaut skírteini flugnema, [REDACTED] marz 1979. Það var í gildi til [REDACTED] marz 1981. Læknisskoðun dags. 24. febr. 1979.

Er slysið skeði, var heildarflugtími Heimis 43:45 klst., þar af á þessa tegund 40:55 klst.

Síðustu 30 dagana fyrir slysið hafði hann flogið 15:15 klst. og síðustu 3 dagana, 2 klst., allt á þessari flugvél.

1.6. Upplýsingar um loftfarið:

Flugvélin TF-OII er af gerðinni Cessna F150. Hún var smíðuð árið 1973 hjá Cessna Aircraft Co., í Reims, Frakklandi.

Smíðanúmer hennar var F150 - 0945.

Hún er háþekja, smíðuð úr málmi, búin einum 100 ha Continental/Rolls Royce O-200A hreyfli.

Hún var skráð hér á landi 8. júní 1973, eign Flugstöðvarinnar hf., í Reykjavík.

Er slysið skeði, var hún, eða frá 30. júní 1977, skráð eign [REDACTED], [REDACTED]

[REDACTED] er einn þeirra sem stofnuðu með sér klúbb "Flugklúbbinn 32", en félagar hans notuðu vélina til flugmáms og kenndu flugmenn Flugfélags Austulands hf. svo sem áður sagði. Síðasta skoðun TF-OII, sem var 100 klst. skoðun, var framkvæmd 31. júlí 1979 og frá henni hafði flugvélinni verið flogið alls 7:40 klst. Sama gildir fyrir hreyfilinn. Frá smíði hafði flugvélinni verið flogið alls 2970:50 klst. þegar slysið skeði. Heildargangtími hreyfilsins frá síðustu grunnskoðun var 1173:15 klst.

Viðhald flugvélarinnar var í höndum flugvélavirkja hjá Flugfélagi Norðurlands hf. og hjá Flugleiðum hf..